



Dagsetning: 20. september 2024
Málsnúmer: 2403167/0.1

Drög að viðbót við 62. grein samþykktar Fjarðabyggðar vegna fjölmeningarráðs.

Meirihlutasamkomulag Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerir tillögu að stofnun fjölmeningarráðs skipað tveim fulltrúum Fjarðabyggðar og fimm fulltrúum innflytjenda. Eftirfarandi tillaga að viðbót við II. kafla 62. Gr. Er lögð til samræmis við tillögu að erindisbréfi sem vísað hefur verið frá fjölskyldunefnd til afgreiðslu bæjarráðs.

SAMÞYKKT um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar nr. 252/2022, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 62. gr. samþykktarinnar:

- a. Við II. kafla bætist ný málsgrein, svohljóðandi: *Fjölmeningarráð*. Hlutverk fjölmeningarráðs er að koma málefnum innflytjenda í sveitarfélaginu á framfæri, skapa vettvang til samskipta og stuðla að fjölmeningarlegu samfélagi. Ráðið er þátttakandi í allri stefnumörkun í málefnum innflytjenda og hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða sem snerta starfssvið ráðsins. Þá er ráðið ráðgefandi fyrir starfsemi sveitarfélagsins í málefnum þess og stuðlar að eflingu félagsauðs. Í fjölmeningarráð sitja tveir fulltrúar og jafnmarga til vara kosnir af bæjarstjórn að afloknum sveitarstjórnarkosningum auk fimm fulltrúa og fimm til vara tilnefndum af innflytjendum. Fjölskyldunefnd gerir tillögu til bæjarstjórnar að erindisbréfi um hlutverk og verkefni ráðsins. Fundargerðir þess skulu lagðar fyrir fjölskyldunefnd áður en þær fá fullnaðarafgreiðslu bæjarstjórnar.

[undirritun]

[staðfesting ráðuneytis]

Gunnar Jónsson

Bæjarritari

